

ENN UM ERFIDLEIKA SANNLEIKANS

I

Nýkomin er út bók um merkilegasta miðil íslenskan, eftir Þórberg Þórðarson og Brynjólf Þorláksson. Í Alþýðublaðinu í dag (4. jan.) er grein um bók þessa, eftir Karl Ísfeld blaðamann, og þannig rituð, að mér virðist ástæða til að reyna að stuðla að því, að hún verði síður til að villa lesendur.

Það er mikill misskilningur, að með því að sanna líf eftir dauðann, væri sönnuð tilvera annars heims, er gersamlega væri annars eðlis en þessi heimur, sem vér lifum í. Það er einnig nokkur misskilningur, að sannir líkamningafyrirburðir mundu nægja til að sannfæra menn um líf eftir dauðann. Hinn nafnkunni þýski taugalæknir og milljónari v. Schrenck-Notzing stundaði lengi og af frábæru kappi rannsóknir á líkamningum og flutningi hluta fyrir áhrif orku, sem eðlisfræðin þekkir ekki ennþá (telekinesis), og taldi sig hafa sannað slíka fyrirburði. En hann virðist hafa verið sannfærður um, að líf eftir dauðann sé ekki til, og rannsóknir hans á miðilfyrirburðum beindust aldrei að því að leita að sönnunum í þá átt. Fríherra v. Schrenck-Notzing þóttist ekki sjá neina ástæðu til að setja líkamningar þær, sem hann athugaði, í samband við framliðna. Öðru máli er að gegna um Sir William Crookes, einn af mestu vitmönnum og vísindamönnum vorra tíma. Enginn sem taka vill á greind sinni, getur efast um, að Crookes hefir haft rétt fyrir sér í því, að líkamningur sá, sem nefndi sig Katie King og fram kom í sambandi við miðilinn Florence Cook, var ekki nein blekking. Crookes rannsakaði þetta mál mjög vandlega, fann að líkamningurinn, sem kvaðst hafa lifað hér á

jörðu fyrir allmörgum mannsöldrum, og nefndi sig Katie King, var ekki alltaf eins, svipaði stundum talsvert til miðilsins, en stundum ekki. Hann gat jafnvel fundið, að hjartaslagið var ekki eins hjá líkamningi og miðli, og honum tókst að ná ljósmynd af báðum í senn. Svo er að sjá, sem Crookes hafi ekki séð sér annað fært en að draga þá ályktun af miðilrannsóknum sínum, að þar væri um samband við annað líf að ræða. Annar mikill vitmaður og heimskunnur eðlisfræðingur, Sir Oliver Lodge, er þar þó ennþá berorðari og telur sig með rannsóknum sínum á miðlum, sem hann stundaði um mörg ár, hafa fengið það sem óhætt sé að telja vísindalega sönnun fyrir öðru lífi.

II

Sumarið 1921 héldu miðil- (eða sálar) rannsóknamenn þing í Kaupmannaköfn, og minnst ég þess, að í einu helsta dagblaði borgarinnar mátti þá lesa, að sennilega væri þessi miðilfræði ekki byggð á öðru en svikum og hugarburði. Er slíkt ærið grunnúðlega ritað, þegar ræða er um niðurstöður, sem sumir hinir helstu vísindamenn höfðu komist að, eftir langvinnar rannsóknir. Ég sendi þá blaðinu ritgerð, sem ég kallaði „Gaadens Lösning“, en fékk hana ekki prentaða. Þó skrifaði aðalritstjóri blaðsins mér til að afsaka, að hann hafnaði ritgerð minni, og gera grein fyrir hvernig á því stæði. En ég segi það ekki ósatt, að allt þetta mál horfir gersamlega öðruvísi við eftir uppgötvun mína á eðli svefns og drauma. Ég hefi fundið, svo að ekki verður með réttu véfengt, að hver maður er miðill, svefn og draumar eru miðilfyrirburðir. Sambandsástandið er hverjum manni eins eiginlegt og eðlilegt og öndunin. Það er ennfremur vísindaleg uppgötvun, að svefnsambandið er við líf á öðrum jarðstjörnum alheimsins, og er ekkert undarlegra, að því sambandi sé nokkuð ýmislega farið hjá ýmsum mönnum, heldur en t. d. það, að menn eru misjafnlega sterkir. Flestir menn vakna, ef reynt er að tala við þá sofandi eða svara a. m. k. ekki; en til eru þeir, sem vakna ekki og svara þó, svo að vér getum fengið að vita hvað þá er að dreyma þá stundina. Það

eru þeir, sem þennan hæfileika hafa, sem kallaðir eru miðlar. Menn hafa komist að þeirri niðurstöðu, að draumar miðlanna verði fyrir samband við einhvern, sem nefna mætti draumgjafa, og kemur oss þetta ekki á óvart, þegar vér höfum áttað oss á því, að vorir eigin draumar eru engu síður sambandseðlis. Það virðist ekki torvelt að skýra, hvernig á því stendur, að líkamningar geta orðið í návist þeirra, sem sofa miðilsvefni; en þó skal því sleppt að sinni.

III

Það er líffræðiatríði, hvort lífið heldur áfram eða ekki, og eins hvernig slíku lífi muni vera háttað. Og heims- og jarðfræðiatríði verður þetta einnig, þar sem ótvíræðlega kemur í ljós við rétta rannsókn, eigi einungis að lífið hér á jörðu er byrjun, frumlíf, sem kalla mætti, heldur einnig, að áframhaldið, framlífið, er ég nefni þannig, er ekki allt annars eðlis og því óskiljanlegt, heldur jarðneskt líf og líkamlegt.

Framfarir í þekkingu eru framfarir í skilningi á sambandi hlutanna og samhengi. Með þeim skilningi, sem hér er vikið á, er viðfangsefni andatrúar og allar dulrænu komið á vísindastigið, og kemur þeim, sem nokkuð er kunnugt um sögu vísindanna, ekki á óvart, þó að erfiðlega gangi, að fá jafnvel vísindamenn til að átta sig á þessu. Ætti þó að vera auðveldara í þessum efnum, en oft áður, því að hver greindur maður getur með athugun á sjálfum sér, gengið alveg úr skugga um, að það er rétt, sem ég hefi sagt um eðli svefns og drauma. Og þar með eru hafnar þær framfarir í líffræði g heimsfræði, sem mörgum hefir verið svo ljóst, að hin mesta nauðsyn er á. Þau vísindi, sem þekkja ekki alheimssambandsmöguleika mannsins, og er ókunnugt um, að lífið hér á jörðu er aðeins frumlíf, sem eftir dauðann heldur áfram á öðrum jarðstjörnum alheimsins, kalla ég tómfræðileg. Hið hryllilega ástand, sem nú er ráðandi á þessari jörð — og þó horfur á, að það eigi enn eftir að versna mikið — sýnir glögglega, hversu ófær hin tómfræðilegu vísindi eru, og eins trúarbrögðin, til að hjálpa mannkyninu fram úr vandræðunum og yfir á leið sannra framfara. Ein af allramerkileg-

ustu spám, sem fram hafa komið, er þá líka á þá leið, að takast muni að sætta vísindi og trúarbrögð, með þeim afleiðingum, að ráðið verði fram úr vandræðum mannkynsins, og slík farsældaröld hafin, að aldrei hafi verið önnur eins, eða neitt líkt því. Og vitanlega þýða þessar sættir trúarbragða og vísinda ekki það, að vísindin muni samþykk verða öllum átrúnaði; né heldur á hinn veginn, að trúarbrögðin muni alveg leggja árar í bát gagnvart hinum tómfræðilegu vísindum, heldur að miklar breytingar og umbætur muni verða til beggja handa, uns fullu samræmi verður komið á. En aðalatriðið í þessum efnum verður þó vitanlega hin vísindalega vitneskja um það að lífið heldur áfram, og að vísu ekki á óskiljanlegan hátt í óskiljanlegum andaheimi, heldur sem líkamlegt, jarðneskt líf, er þó á að stefna og getur stefnt til guðlegrar fullkomnunar.